



1. janúar 2019

Ágæti félagsmaður / styrktarskóli.

Um leið og við þökkum styrk þinn og vitund undanfarin ár sendir félagið *Uppbygging sjálfssaga* út ákall um félagslega þátttöku og styrk til að efla og gera okkur enn frekar kleift að mæta væntingum og þörfum okkar allra um bjargir og aðstoð því **It's all about WE.**

Saga Uppbyggingar á Íslandi er 20 ára 2020. Árið 2000 var fyrsta formlega námskeiðið með Diane Gossen haldið í Grafarvogi, þá fyrir nýja hverfamiðstöð en nýta átti þessa hugmyndir og vinnuaðferðir fyrir allar stofnanir s.s. heilsugæslu, skóla, lögreglu, félagasamtök í Grafarvogi. Foldaskóli í Reykjavík var með í upphafi og hefur nýtt vinnuaðferðir uppbyggingarstefnunnar frá árinu 2000 og nýtir enn. Árið 2006 voru 10 grunnskólar styrktarskólar sem nýttu vinnuaðferðir Uppbyggingar sjálfssaga til ábyrgðar. Vorið 2008 er félagið Uppbygging sjálfssaga stofnað formlega og voru 30 stofnfélagar á stofnfundi. Í dag eru 150 skráðir félagsmenn í félaginu og um 100 skólastofnanir (leik- og grunnskólar) skráðir styrktarskólar (sjá vef félagsins www.uppbygging.is). Það eru fleiri stofnanir en styrktarskólar sem nýta sér þessar vinnuaðferðir og hugmyndafræði Uppbyggingar sjálfssaga í vinnu sinni og viljum við hvetja þá til að ganga til liðs við félagið og efla styrk okkar til enn frekari bjarga.

Ef nýir skólar- stofnanir vilja styrkja félagið og njóta aðstoðar félagsins og gerast styrktarskólar er styrkurinn sem hér segir:

1-100 nem. = 5000 kr styrkur.
101-500 nem. = 10000 kr styrkur
501 og fl. = 15000 kr. styrkur.

Þeir sem geta og vilja gerast styrktarskólar/ stofnanir þá þarf þetta:

Sendið undirrituðum eftirfarandi:

- 1) Nafn stofnunar og heimilisfang
- 2) Kennitölu greiðanda ?
- 3) Netfang stofnunar eða ábyrgðaraðila ?
- 4) Tölur um fjölda nemenda- barna
- 5) Ef töluliður 4 á ekki við þá semjum við sérstaklega um upphæð styrks.

Það sem áunnist hefur er :

Við tökum öll þátt í að efla félagið Uppbygging sjálfssaga.

Við getum þá enn frekar aðstoðað hvert annað og veitt bjargir.

Við fáum aðgang að námskeiðum félagsins á kostnaðarverði

Við fáum bókina Verkferakistann án gjalds

Við fáum þarfaspjöldin A-2 og A-3 án gjalds

Við fáum aðrar bækur og efni sem félagið gefur út eða útvegar á góðum kjörum

Við höfum aðgang að öllu efni sem er á vef félagsins til niðurhals.

Fh. Uppbyggingar sjálfssaga

Sveinbjörn Markús Njálsson

Gjaldkeri.

sveinbjorn.njalsson@gmail.com